



Opið samráð

um númer fyrir samskipti milli hluta (véla/tækja) [e. machine to machine (M2M)]

Inngangur

Samskipti milli tækja/hluta, hér eftir nefnt TÍT (Tæki í Tæki) eru samskiptalausnir sem hafa verið til síðan hliðræn mótöld komu á markaðinn og milljónir lyfta, viðvörunarkerfa, sjálfsala, og faxtækja fóru að nýta fjarskiptakerfi til að koma skilboðum milli tækja. TÍT vísar til tækja sem leyfa bæði þráðlausum og fastanets kerfum að hafa samskipti við önnur tæki af svipuðum toga og er talin óaðskiljanlegur hluti þess sem nefnt hefur verið internet hlutanna (e. Internet of Things [IoT]). TÍT samskipti fara hratt vaxandi m.a vegna næstu kynslóðar fjarskiptakerfa og lækkunar kostnaðar í farsíma- og farnetskerfum.

Úthlutun númera og kóða fyrir TÍT samskipti hefur verið rædd á alþjóðlegum vettvangi m.a. WG NAN, sem er hópur sérfræðinga frá eftirlitsstofnum í Evrópu (CEPT).

Árið 2010, kom út skýrsla ECC (European Communications Committee) um TÍT þar sem metnir voru nokkrir veigamiklir þættir um TÍT þjónustuna.

Helstu niðurstöður skýrslunnar:

- Gert er ráð fyrir 20 % aukningu á þörf fyrir TÍT númer á tímabilinu 2010-2020
- IPv6 vistsföng munu verða mikilvæg sem lausn fyrir TÍT. Hins vegar er mikil óvissa um hversu langt er þar til að IPv6 tekur við af númerum fyrir TÍT og sú óvissa getur tafið fyrir framþróun á TÍT.
- Fjöldi landa í Evrópu hefur ekki nóg af númerum til að svara þörfum fyrir TÍT umsóknum.
- Ekki er þörf á samræmdum aðgerðum eftirlitstofnana fyrir TÍT númer.

Möguleikar lausnir fyrir TÍT skv. skýrslunni:

1. Nota núverandi númeraraðir.
2. Nota nýjar númeraraðir.
3. Nota alþjóðleg númer.
4. Nota innri neta númer.

Flestar þjóðir hafa útilokað möguleika 1. Möguleikar 2 og 4 eru taldir heppilegri.

Árið 2011 komu fram tilmæli frá ECC um TÍT en þar kom m.a. fram að:

- Til lengri tíma litið munu IPV6 eða önnur númer/kóðar leysa númeramál TÍT frekar en E.164 númer.
- Númeralengdir ættu að vera eins langar og mögulegt er (15 tölustafir)

- Eftirlitsstofnanir ættu að tryggja að nýjar númeraraðir séu ekki notaðar til að sleppa við skilyrði eftirlitsaðila, t.d. varðandi skilyrði um lúkningargjöld og þjónustu sem boðin er

Staðan á Íslandi

Hingað til hefur TÍT þjónusta notað hefðbundin fastlínu/farsímanúmer en með fyrirsjáanlega þróun í slíkri þjónustu í huga vill PFS skilgreina sérstakar númeraraðir fyrir þjónustuna.

Vitað er um áhuga nokkurra aðila fyrir TÍT þjónustu. Einnig er vitað um væntanlega umsókn um 100.000 númer eða fleiri.

Tillögur til samráðs

PFS hefur ekki tekið endanlega afstöðu í málinu en leggur hér með fram þrjár tillögur og óskar eftir álit hagsmunaaðila á þeim. Umsagnir og athugasemdir hagsmunaaðila verða síðan hafðar til hliðsjónar þegar ákvörðun verður tekin um TÍT. Tekið skal þó fram að miðað við að eftirspurn eftir TÍT númerum er frekar lítil, a.m.k enn sem komið er, telur PFS tillögu 1 vera heppilegasta..

Tillaga 1:

- Opnað verði númerasviðið 33x xxx xxx (10 milljón númer) til vara 32x xxx xxx (10 milljón númer), alls 20 milljón númer
 - Lágmarksúthlutun verði 10 000 númer fyrir farsímanúmer.
 - Lágmarksúthlutun verði 10 000 númer fyrir fastanetsnúmer.
- Ekki verði hægt að flytja númer á milli þjónustuaðila.
- Hægt verði að nota tæki (númer) alþjóðlega.

Dæmi um úthlutun

338 xxx xxx

- 338-100 000 Fjarskiptafyrirtæki 1
- 338-200 000 Fjarskiptafyrirtæki 2

Tillaga 2:

- Opnað verði númerasviðið 33x xxx xxx xxx (Númeraröðin lengd úr 9 í 12 tölustafi) þannig að til ráðstöfunar verða þá 1.000.000.000 númera.
 - Lágmarksúthlutun verði 100 000 númer fyrir farsímanúmer.
 - Lágmarksúthlutun verði 100 000 númer fyrir fastanetsnúmer
- Ekki verði hægt að flytja númer á milli þjónustuaðila.
- Hægt verði að nota tæki (númer) alþjóðlega.

Dæmi um úthlutun

338xxx xxx xxx

- 338 000-100 000 Fjarskiptafyrirtæki 1
- 338 001-200 000 Fjarskiptafyrirtæki 2

Tillaga 3:

- Miðað við að Tít eftirspurn er lítil og það eru aðrar aðferðir til staðar til að styðja við Tít þjónustu (svo sem IP vistföng , og innra-nets númer er ekki brýn þörf á að nota 9 eða 12 stafa númer fyrir þjónustur á þessari stundu.
- PFS mun fylgjast með þróun á Tít þjónustum í öðrum löndum og gera breytingar ef þess er þörf.

Spurningar:

1. Hver er skoðun hagsmunaaðila á því hver þróunin verði í Tít þjónustuframboði á komandi árum?
2. Hver er skoðun hagsmunaaðila á því hver þörfin á næstu árum verður varðandi fjölda númera fyrir Tít þjónustu:
 - a. Á markaðnum í heild
 - b. Fyrir viðkomandi fjarskiptafyrirtæki
3. Hvaða tillögu hér að ofan telja hagsmunaaðilar að sé heppileg fyrir Ísland?
4. Á að heimila númeraflutning á þessum númerum?
5. Hvernig skal haga verðlagningu á símtölum í númeraraðir sem eru Tít

Farið verður með svör hagsmunaaðila sem trúnaðarmál